



Ársfundur

27. apríl 2011

Fundargerð

Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar var haldinn miðvikudaginn 27. apríl 2011 kl. 16:00 að Strandgötu 3, 3. hæð. Formaður stjórnar, Eiríkur Björn Björgvinsson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann stakk upp á Örnú Jakóbínu Björnsdóttur sem fundarstjóra og Guðmundi Baldvín Guðmundssyni sem fundarritara.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og gerði grein fyrir boðun fundarins og komu engar athugasemdir fram og er fundurinn því lögmætur. Var síðan gengið til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar

Eiríkur Björn, formaður stjórnar, fjallaði um starfsemi sjóðsins á árinu 2010. Í ræðu hans kom fram að rekstur sjóðsins hafi verið í föstum og traustum skorðum á árinu 2010.

Hann sagði að þrátt fyrir varfærið mat á eignum sjóðsins í árslok 2009 hefði ekki verið hjá því komist að að bæta enn í niðurfærslu og voru á árinu gjaldfærðar 55 milljónir króna vegna þessa. Hins vegar væri það mat stjórnar að ekki sé að vænta frekar niðurfærslna.

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu var 5,94% og hrein raunávöxtun var 3,25% samanborið við 12,04% nafnávöxtun og 3,13% raunávöxtun á árinu 2009. Meðalraunávöxtun s.l. 5 ár er 3,35%, sem er með því besta sem gerist hjá íslenskum lífeyrissjóðum.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 7.643 milljónum króna og hækkaði um 3,6% frá fyrra ári.

Iðgjöld námu samtals 199 milljónum króna og lækkuð um 3,8% frá fyrra ári.

Alls greiddu 162 sjóðfélagar hjá 8 launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins á árinu. Greiðandi sjóðfélögum fækkaði um 11 á árinu. Virkir sjóðfélagar þ.e. sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum var 157.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 367 milljónum króna og hækkuðu um 4,8% frá fyrra ári. Fjöldi lífeyrisþegar var 388 og hefur þeim fjölgað um 14 frá fyrra ári.

Eins og áður segir þá rekur sjóðurinn varfærna fjárfestingarstefnu og af fjárfestingum sjóðsins í árslok voru 5% í verðbréfum með breytilegum tekjum, 94% í verðbréfum með föstum tekjum og um 1% í veðlánnum.

Tryggingafræðileg úttekt hefur verið framkvæmd á stöðu sjóðsins miðað við árslok 2010, en skv. niðurstöðu matsins versnaði tryggingafræðileg staða sjóðsins um 117,1 milljón króna á árinu eru heildarskuldbindingar 4.524,3 milljónum króna umfram eignir í árslok.

Hann fór yfir helstu þætti í starfsemi sjóðsins á árinu og þakkaði að lokum starfsmönnum, stjórnarmönnum fyrir gott og ánægjulegt samstarf á árinu. Sömu þakkir færði hann lífeyris- og sjóðfélögum.

2. Ársreikningur

Skrifstofustjóri Guðmundur Baldvin gerði grein fyrir helstu þáttum ársreiknings; rekstri, efnahag og sjóðstreymi. Þá fór hann yfir þróun sjóðsins síðustu ár, rakti iðgjaldapróurn, fjölda greiðandi sjóðfélaga, lífeyrisgreiðslur og hvernig lífeyrisbyrði sjóðsinshefur vaxið. Þá gerði hann sérstaka grein fyrir niðurfærslum á verðbréfaeign í árslok 2010.

Engar fyrirspurnir komu og var ársreikningurinn borinn upp til samþykktar og samþykktur samhljóða.

3. Tryggingafræðileg athugun

Framkvæmdastjóri sjóðsins Kári Arnór Kárason fór yfir tryggingafræðilega athugun. Samkvæmt matinu eru áfallnar skuldbindingar 3.514 milljón króna umfram eignir. Eignir sjóðsins duga fyrir 69,8% af áföllnum skuldbindingum miðað við 2,0% ársvexti umfram launabreytingar. Heildarskuldbindingar sjóðsins, þegar tekið hefur verið tillit til þeirra iðgjalda sem sjóðfélagar greiða í framtíðinni og þeirra eigna og réttinda sem þær iðgjaldagreiðslur skapa, eru neikvæðar um 4.524,3 milljónir króna eða sem nemur 34,3% af skuldbindingum. Akureyrarbær er bakábyrgðaraðili sjóðsins og stendur þannig á bak við þann halla sem er á sjóðnum. Fleiri launagreiðendur eru eða hafa skilað til sjóðsins og hafa talsverðar skuldbindingar umfram eignir myndast vegna þeirra skila. Mikilvægt er að fara yfir þá stöðu og reyna að ná samkomulagi við þessa aðila, um að þeir komi að uppgjöri á þessum skuldbindingum, þannig að þær lendi ekki á skattgreiðendum framtíðarinnar á Akureyri. Hann rakti þróun og gerði sérstaka grein fyrir áætluðu sjóðstreymi sjóðsins.

4. Fjárfestingarstefna sjóðsins

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins. Fjárfestingarmarkmið eru að ávaxta fyrir skuldbindingum og að ávöxtun verði ekki lakari en viðmið. Fram kom í máli hans að fjárfestingarstefna sjóðsins er varfærin enda tryggingafræðileg staða sjóðsins slök og gefur því ekki tilefni til áhættutöku. Ljóst er að ábyrðaraðili vill takmarka eins og frekast er kostur rýrnun á eiginfjárstöðu og hafa ber í huga seljanleika við allar fjárfestingar sjóðsins enda styttest í að fjárstreymi verði neikvætt.

5. Stjórnarkjóri lýst

Fundarstjóri gerði grein fyrir skipun stjórnar en stjórnin er samkvæmt samþykktum skipuð til 4 ára í senn. Í stjórn sitja bæjarstjóri, tveir fulltrúar kosnir af bæjarstjórn og tveir fulltrúar tilnefndir af Kili. Í stjórn sjóðsins frá árinu 2010 sitja Eiríkur Björn Björgvinsson, Oddur Helgi Halldórsson, Hermann Jón Tómasson, Arna Jakobína Björnsdóttir og Hanna Rósa Sveinsdóttir. Varamenn eru Halla Björk Reynisdóttir og Sigrún Stefánsdóttir kosnar af Akureyrarbæ og Kristín Sigurðardóttir og Regína Reginsdóttir tilnefndar af Kili.

6. Gerð grein fyrir endurskoðanda sjóðsins

Fundarstjóri greindi frá því að samkvæmt samþykktum skuli endurskoðandi sjóðsins vera hinn sami og Akureyrarbæjar, ábyrgðaraðila sjóðsins. Endurskoðandi er því Deloitte hf.

7. Breytingar á samþykktum

Fundarstjóri greindi frá því að vegna misræmis í fjárfestingarstefnu sjóðsins og lögum um lífeyrissjóði þyrfti að gera breytingar á 11. gr. í samþykktum sjóðsins. Hún bar fram tillögu að samþykktarbreytingum. Tillagan er svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.

Fjárfestingar sjóðsins og fjárfestingarstefna hans skulu vera í samræmi við heimildir laga og uppfylla allar þær kröfur um form og efni, sem gerðar eru í ófrávíkjanlegum ákvæðum laga um

skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nú VII. kafla laga nr. 129/1997, og bindandi stjórnvaldsfyrirmælum á hverjum tíma.

Stjórn lífeyrissjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu, þar sem sett eru viðmið að hvaða marki skuli fjárfesta í einstökum eignaflökkum. Þar skal ennfremur koma fram markmið um dreifingu eigna, tímalengd krafna, myntsamsetningu, seljanleika eigna og aðrar þær viðmiðanir, sem stjórn sjóðsins telur að gefi gleggsta mynd af fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins. Á ársfundi lífeyrissjóðsins, skal stjórn sjóðsins kynna fjárfestingarstefnuna.

Var tillagan samþykkt samhljóða.

Jafnframt bar fundarstjóri fram tillögu um að í samþykktum sjóðsins þar sem Starfsmannafélag Akureyrarbæjar(STAK) væri tilgreint kæmi Kjölur stéttarfélag.

Var tillagan samþykkt samhljóða.

8. Ákvörðun um laun stjórnarmanna

Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar um að laun almennra stjórnarmanna yrðu óbreytt eða 65 þúsund á ári og formanns stjórnar kr. 130 þúsund á ári og laun varamanna kr. 13 þúsund fyrir setinn fund. Tillagan var borin upp og samþykkt.

9. Önnur mál

Engin mál komu fram undir þessum lið.

Fleira gerðist ekki. Fundarstjóri bauð formanni að slíta fundi og var fundi slitið kl. 17:25

Fundarstjóri

Fundarritari

Arna Jakóbína Björnsdóttir

Guðmundur Baldvin Guðmundsson